

**LÖG****um framkvæmd alþjóðasamnings um gáma.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ráðherra þeim, sem fer með siglingamál, er heimilt að setja reglur til að framfylgja alþjóðasamningi, sem Ísland er aðili að, um gáma.

2. gr.

Brot gegn reglum, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 10. maí 1985.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Matthías Bjarnason.***LÖG****um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Hamar  
í Glæsibæjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Árna Hermannssyni, Bægisá I, Baldri Þorsteinssyni, Bægisá II, og Guðmundi Víkingssyni, Garðshorni, eyðijörðina Hamar í Glæsibæjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu. Við söluna skal fylgt ákvæðum 3.—5. mgr. 38. gr. jarðalaga, nr. 65 frá 31. maí 1976, sbr. l. nr. 90 frá 30. maí 1984.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 22. maí 1985.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Jón Helgason.*